

1976

Fimmtudaginn 11. nóvember 1993.

Nr. 441/1993. **Ákærvaldið**

gegn

**Björgvin Þór Ríkharðssyni.**

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti. Gæsluvarðhald. Heimsóknarbann.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. nóvember 1993, sem barst Hæstarétti 2. sama mánaðar. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og tekin verði til greina krafa sín um, að ákvörðun forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu frá 3. september 1993 um heimsóknarbann nánar tilgreindra aðila verði aflétt. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Heimsóknarbann það, er varnaraðili sætti, var byggt á reglugerð nr. 179/1992 um gæsluvarðhaldsvist. Gæsluvarðhaldi varnaraðila lauk hinn 4. nóvember sl. við uppkvaðningu dóms í hæstaréttarmálinu nr. 204/1993, sbr. 106. gr. laga nr. 19/1991. Hefur varnaraðili því eigi lengur réttarhagsmuni af því að fá úr kærumáli þessu skorið fyrir Hæstarétti. Verður málinu því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

**Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 1993.**

I.

Beiðnin, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 22. október sl., er lögð fyrir dóminn á grundvelli 3. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opin-

1977

berra mála og tekin til úrskurðar að loknum munnlegum málf lutningi 29. október sl.

Af hálfu ríkissaksóknara eru engar kröfur gerðar.

Af hálfu Fangelsismálastofnunar eru gerðar þær kröfur, að ákvörðun forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu frá 3. september sl. um heimsóknarbann verði staðfest.

Af hálfu gæsluvarðhaldsfangans Björgvins Þórs Ríkhartssonar eru þær kröfur gerðar, að fyrrnefnd ákvörðun verði úr gildi felld og Hilmari Ingimundarsyni hrl., skipuðum verjanda hans, verði úrskurðuð verjandaþóknun úr ríkissjóði í þessum þætti málsins.

— — —

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ákvörðun forstöðumanns fangelsa á höfuðborgarsvæðinu frá 3. september 1993 um bann við heimsóknnum þeirra Herbjörns Sigurðssonar, Möggu Sigríðar Gísladóttur, Guðrúnar Ögðu Hallgrímsdóttur, Margrétar Þóru Óladóttur, Unnars Haraldssonar, Kristins Guðmundssonar, Sonju Berglindar Hauksdóttur, Baldurs Baldurssonar og Báru Magnúsdóttur til gæsluvarðhaldsfangans Björgvins Þórs Ríkhartssonar á að vera óröskuð.

---